

## Tillaga til þingsályktunar

### um hjólaleið milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja.

Flm.: Pawel Bartoszek, Jón Gnarr, Guðbrandur Einarsson, Sigmar Guðmundsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Ása Berglind Hjálmarsdóttir, Jónína Björk Óskarsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Dagur B. Eggertsson.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að skipa starfshóp um gerð fýsilegrar hjólaleiðar milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Starfshópurinn skili af sér áfangaskiptri og kostnaðargreindri tillögu að ákjósanlegri hjólaleið fyrir 1. janúar 2027.

#### Greinargerð.

Tvö stærstu þéttbýlissvæði landsins, höfuðborgarsvæðið og Suðurnes, liggja í 50 kílómetra fjarlægð hvort frá öðru. Á milli þeirra eru engar náttúrulegar hindranir og leiðin liggur á láglendi. Því eru allar forsendur fyrir góðri hjólreiðatengingu milli svæðanna. Af henni hefur enn ekki orðið.

Allt frá því að hafist var handa við tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar snemma á öldinni hefur hjólreiðatengingu á þessari leið verið ábótavant. Hámarkshraði á Reykjanesbraut er 90 km á klst. en ætla má að ferðahraði þorra ökumanna sé á köflum hærri.

Þegar tvöföldun Reykjanesbrautar lýkur er ljóst að tryggja þarf ásættanlegan og öruggan leiðarvalkost fyrir hjólandi vegfarendur. Samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum um hönnun hjólaleiða getur vegöxl Reykjanesbrautar vart talist ásættanleg hjólaleið þegar tekið er mið af umferðarþunga og umferðarhraða á Reykjanesbraut, hvað þá ef umferðarhraði eykst enn frekar.

Lagt er til að sérstaklega verði litið til leiðarinnar milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og miðbæjar Reykjavíkur. Í lokaritgerð Eiríks Ástvalds Magnússonar, *Hjólastígur frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar til Reykjavíkur*, eru skoðaðar nokkrar mögulegar leiðarútfærslur, þær greindar og sú fýsilegasta kostnaðargreind. Í ritgerðinni er lagt til að farið verði eftir gamla Keflavíkurvegi og Vatnsleysustrandarvegi, malbik lagt á þá hluta leiðarinnar þar sem nú eru malarvegir, nýir stígar lagðir á stöku stað þar sem það er nauðsynlegt vegna tenginga og leiðin merkt með vegvísingum og vegmerkingum.

Undanfarin ár hefur ýmislegt gerst. Lagður hefur verið hjólastígur frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar til miðbæjar Keflavíkur. Árið 2021 var lagður hjólastígur milli þéttbýlis í Vogum og Brunnastaðahverfis sem Vegagerðin fjármagnaði að hluta í samstarfi við sveitarfélagið. Allt eru þetta mikilvæg skref í átt að betri hjólreiðatengingu milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Leiðin í heild sinni er þó ekki ásættanleg miðað við öryggi hjólandi vegfarenda.

Á sameiginlegum fundi svæðisskipulagsnefnda höfuðborgarsvæðisins (SSH) og Suðurnesja (SSS) í maí árið 2023 var samþykkt ályktun um greiðar, vistvænar og öruggar samgöngur milli svæðanna. Nefndirnar lögðu áherslu á að bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta,

þar á meðal hjólreiðar. Þær hvöttu til þess að lokið yrði við tvöföldun Reykjanesbrautar og að lagt yrði heildstætt göngustíga- og hjólanet sem tengdi saman helstu atvinnu-, íbúðar-, þjónustu- og útivistarsvæði.

Ljóst er að áhuga meðal íbúa á svæðinu skortir ekki. Eðlilegt væri að skoða þátttöku ríkisins í því að ljúka verkefninu á ásættanlegum tíma. Hjólreiðatenging milli tveggja stærstu þéttbýlissvæða landsins er hluti af eðlilegu heildarneti samgönguinnviða í landinu.